# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1874-1876

Aðfnr. 2225, örk 3


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reglur um hreinsun reykháfa og sótarastörf
í Júlí 1876.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reglur

um hreinsun reykháfa og sótarastörf í Reykjavíkur kaupstað.

Samkvæmt 5. grein laganna frá 15. okt. 1875 skipar bæjarstjórnin fyrir á þessa leið, eptir að hún hefir borið sig saman við brunamálanefndina:

Alla reykháfa í umdæmi bæjarins ber þeim manni eða mönnum, er bæjarstjórnin til þess tekur, að hreinsa 3 sinnum á ári, í byrjun janúar, apríl- og októbermánaðar. Kamínur ber að hreinsa þrisvar á ári, í byrjun janúar, apríl og októbermánaðar. Starfi þessu skal lokið í hvert skipti í öllu lögsagnarumdæmi kaupstaðarins áður 3 vikur eru liðnar af mánuðinum. Húseigendum ber að veita þeim mönnum, er til þess eru teknir að hreinsa reykháfa, frjálsan aðgang að öllum eldstóm, þá er hreinsa þarf, hafi þeim verið gjört aðvart um það eigi síðar en kvöldið áður. Þar sem hús eru svo lítil, að eigendur geta sjálfir hreinsað, með því að ná má með stöng frá eldstónni upp úr reykháfnum, skulu þeir leita leyfis brunamálanefndarinnar, ef þeir vilja annast hreinsunina sjálfir. Víti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brunamálanefndin gefir atvikum húseigendum leyfi þetta, sem jafnan skal bundið því skilyrði að það sje aptur tekið, ef það er vanbrúkað, skulu þeir láta hreinsa reykháfa sína á lögboðnum tíma, og skýra slökkviliðsstjóra frá því. Verði hann þess var, að hreinsun þessari annaðhvort sje sleppt eða illa frá henni gengið, ber hann það upp fyrir brunamálanefndinni, sem þá tekur hið gefna leyfi aptur.

Sjerhvert brot gegn framanrituðum reglum varðar sektum eptir 28. gr. í lögunum frá 15. oktober 1875.

Sótari skal halda bók, [er hann] löggilta af lögreglustjóra, er hann ritar í, nær hann hreinsar, eða býðst til að hreinsa og það er eigi þegið, svo og borgun þá, er hann fær. Bók þessa afhendir hann að aflokinni hreinsuninni í hverjum ársfjórðungi slökkviliðsstjóranum, sem rannsakar hana nákvæmlega og gætir þess, hvort hinir skipuðu sótarar hafa gætt skyldu sinnar, svo og, hvort nokkur húsráðandi hefir varnað þeim aðgöngu.

Sjerhvort sótari er skyldur að mæta við húsbruna eða ef kviknar í reykháf. Hann má eigi fara burt úr umdæmi kaupstaðarins utan með leyfi lögreglustjóra, og með því skilyrði, að hann fái annan jafngildan mann í sinn stað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgun fyrir sótarastörf skal greiða þegar í stað; að öðrum kosti verður hún tekin lögtaki.

Borgunin er þessi:

Fyrir hverja kaminu . . 50 a.
– – hvern reykháf í torfbæjum 33 –
– – hvern reykháf í einloptuðu húsi 66 –

Fyrir tvíloptuð hús greiðist fyrir reykháfahreinsun tvöföld borgun, og þreföld fyrir þríloptuð. Fyrir að hreinsa ofnpípur skal borga eptir samkomulagi.

Fyrst um sinn skal vera einn sótari í bænum.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur í júlí 1876

[illegible] Magnús Stephensen A. Thorsteinsson Ólafsson,
Einar Þórðarson. Steffensen H. Kr. Friðriksson Jóh. Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur